



Hr. Jón Sæmundur Sigurjónsson alþingismaður  
Alþingi  
v/Austurvöll  
150 Reykjavík

Reykjavík, 26.04.1990

Tilvísun okkar: ÓÓ/kg

Tilvísun yðar:

**Alþingi**

*Erindi nr. D 112 / 1065  
komudagur 30.4.1990*

### Um frumvarp til laga um breytingu á læknalögum nr.53/1988.

Álit mitt hefur komið fram í greinargerð frá Læknaráði Íslands með eftirfarandi frávikum:

- Ég er sammála ákvæðum frumvarpsins um breytingar á 2. mgr. 5. gr. og á ákvæðum frumvarpsins um breytingu á 16. gr. læknalaga að því undanskyldu að ég tel að skilafrestur eigi að vera a.m.k. 2 mánuðir.

### Greinargerð:


Um 65% íslenskra lækna stunda sérfræðinám á Norðurlöndum og nær undantekningarlaust hafa íslensk heilbrigðisyfirvöld samþykkt sérfræðinám þessara lækna. Í örfáum tilfellum hefur orðið nokkur dráttur á afgreiðslu en málin hafa þó leysts nema eitt mál sem strandaði nokkurn tíma meðal annars vegna ónógra upplýsinga að mínu mati. Hér er átt við mál það sem gert er að umræðuefni í greinargerð með frumvarpinu. Sannleikurinn er að umsækjandinn hefur gegnt stöðu heilsugæslulæknis í mörg ár í 15000 manna heilsugæsluumdæmi og félagar hans hafa vísað til hans allflestum sjúkdómstilfellum er varða sérgrein hans og þar af leiðandi hefur hann haldið við þekkingu sinni all vel í greininni. Sýnist mér að sá maður hefði átt að fá viðurkenningu í greininni strax og hann sótti. Tekið er skýrt fram í frumvarpinu að "enda sé að mati landlæknis ekki ástæða til þess að mæla gegn því að leyfið verði veitt". Landlækni er því í lófa lagt að leita samþykkis læknaeildar ef að svo ber undir.

Um 5. gr. þ.e. 16. gr. læknalaga. Allt frá því er ég tók við Landlæknisembættinu hafa sjúklingar er leitað hafa til embættisins fengið að lesa sjúkraskrár sínar eða fengið afrit af þeim. Ekki hefur staðið á samþykki lækna þeirra utan einu sinn en þá neitaði þriðji aðili sem átti hlut að máli að gefa leyfi til þess að umsögn hans um sjúkling væri birt. Sú sjúkraskrá var ekki afhent. Læknar hafa í vaxandi mæli tileinkað sér þessa venju. Það er skoðun mín og margra lækna að innsýn sjúklings í sjúkraskrá bæti oftast samskipti sjúklings og læknis. Læknum hefur ætíð verið ljóst að sjúkraskrá ætti að færa tilhlýðilega og meðal annars að skráin er réttargagn. Þess vegna trúi ég ekki að gildistaka læknalaga nr. 53/1988 þar sem tekið er fram um skyldur lækna um afhendingu hafi í raun breytt einu eða öðru um færslu sjúkraskráa.

Nokkrar umræður hafa orðið um sjúkraskrár geðdeilda. Þessar sjúkraskrár eru yfirleitt mjög viðkvæm gögn og getur skipt miklu máli að upplýsingar verði ekki mistúlkaðar. Sjúklingurinn gerir sér ekki grein fyrir að hann sé veikur, meðan á sjúkdómnum stendur og jafnvel ekki eftir. Í þessar sjúkraskrár eru oft skráð mjög afbrigðileg atferli, hugvillur og ofskynjanir. Þessar upplýsingar geta vakið upp tilfinningar og hugsanir sem sjúklingar ráða ekki við. Komið er í veg fyrir óæskileg áhrif af þessum toga með ákvæði um að, "nú telur læknir að það þjóni ekki hagsmunum sjúklings að afhenda framangreindum aðila afrit sjúkraskrár og skal læknir þá án

tafar afhenda landlækni afrit sjúkraskrárinnar til frekari afgreiðslu". Landlæknir hefur ekki hingað til afhent sjúklingi afrit af sjúkraskrá gegn vilja læknis viðkomandi. Vissulega gæti þó slíkt komið til að undangenginni rækilegri skoðun og þá eftir granskoðun tilkallaðra sérfræðinga. Á þann hátt hefur landlæknir gegnt eftirlitsstarfi sem embættinu er falið með lögum. Ég legg til að greinin standi óbreytt eins og í frumvarpinu nema að frestur til afhendingar verði lengdur í 2 mánuði meðal annars vegna þess að landlæknir getur þurft að leita til óháðra sérfræðinga sem þurfa þá að kynnast sjúklingi áður en þeir gefa umsögn um málið.

Að lokum skal þess getið að tölvulögin nr. 39/1985 taka af allan vafa í þessu efni um rétt einstaklingsins að kynna sér þær upplýsingar sem stjórnvöld hafa skráð um einkahagi þeirra.



---

Ólafur Ólafsson  
landlæknir

## LÆKNARÁÐ.

Reykjavík 25. apríl 1990.

Læknaráð Íslands hefur fjallað um frumvarp til laga um breyting á lækna­lögum nr. 53/1988. Á fundi ráðsins þann 17. apríl 1990 var samþykkt að umsögn ráðsins yrði svohljóðandi.

"Læknaráði er kunnugt um að læknadeild Háskóla Íslands og Læknafélag Íslands hafa í sameiningu sent ítarlega umsögn um frumvarpið. Læknaráð tekur undir þessa umsögn og leggur til að hið háa Alþingi fari eftir þeim tillögum til breytinga á frumvarpinu sem læknadeild og Læknafélag Íslands gera í sameiningu."

Fimm læknaráðsmenn samþykktu framangreinda tillögu en tveir með fyrirvara varðandi eftirfarandi atriði:

Björn Öundurson, tryggingayfirlæknir, leggur til að 5. gr. frumvarpsins verði breytt og að 16. gr. laganna orðist svo:

"Sjúkraskrá er eign heilbrigðisstofnunar þar sem hún er færð eða lækni sem hana færir.

Lækni er óheimilt að afhenda sjúklingi eða umboðsmanni hans afrit af sjúkraskrá, alla eða að hluta nema að umboðsmaðurinn sé lækni og það sé óbyggjandi að afhending afrita sjúkraskrárinnar sé hagsmunamál sjúklingsins, svo sem vegna málaferla. Lög þessi eru ekki afturvirk.

Læknum, sem í þágu hins opinbera, starfa að eftirliti með reikningsgerð lækna, svo sem tryggingayfirlækni, lækni ríkis­endurskoðunar, auk landlækni skal þó heimilt, þegar þurfa þykir að kanna sjúklingabókhald lækna, m.t.t. staðfestingar á einstökum lækni­verkum."

Með breytingartillögu Björns á 5. gr. frumvarpsins fylgdi eftirfarandi rökstuðningur:

"Um 1. og 2. mgr. Margar sjúkraskrár eru samsafn upplýsinga um viðkomandi einstakling, bæði heilsufarslegra og félagslegra, en einnig er þar að finna upplýsingar um fjölskyldu viðkomandi sjúklings. Hér er iðulega fjallað um foreldra, systkini og aðra

nána ættingja sjúklingsins.

Ég nefni sem dæmi örorkuskrá, þar sem upplýsingar um suma sjúklinga eru svo víðtækar að segja má að um ævisögu sé að ræða.

Ekki eru allir þessir sjúklingar svo vel á sig komnir andlega, að eðlilegt eða jafnvel hættulaust sé að láta af hendi afrit af örorkuskrá til þeirra.

Tillaga um afhendingu slíkrar sjúkraskrár (örorkuskrár) er vægast sagt vanhugsuð, og ekki síst þegar slík afhending til sjúklings á að vera skilyrðislaus.


Um 3. mgr. Um árabíl hafa verið í gildi samningar milli Tryggingastofnunar ríkisins og Læknafélags Reykjavíkur (Íslands) um aðgang tryggingayfirlæknis að sjúklingabókhalði til staðfestingar á einstökum læknisverkum.

Sérfræðingar hafa ætíð haldið þennan samning, en einstakir heilsugæslulæknar hafa hafnað samvinnu að þessu leyti.

Ekki verður dregið í efa, að nauðsynlegt er að læknar hins opinbera, í þessu tilvikum tryggingayfirlæknir eða samstarfsmenn hans, geti fengið staðfestingu einstakra læknisverka, enda verður ekki fram hjá því litið, að pottur hefur verið brotinn um gjaldtöku lækna í nokkrum tilvikum á undanförunum árum. Það þykir því nauðsynlegt að slík heimild sé bundin í lög, þannig að ekki þurfi að koma til árekstra."

Forseti ráðsins, Ólafur Ólafsson, landlæknir, er sammála ákvæðum frumvarpsins um breytingar á 2. mgr. 5. gr. læknalaga og ákvæðum frumvarpsins um breytingar á 16. gr. læknalaga að því undanskildu að hann telur að frestur til afhendingar eigi að vera 2 mánuðir."

F. h. Læknaráðs,



Ólafur Ólafsson, forseti.

Til heilbrigðis- og trygginganefndar  
efri deildar Alþingis.